

## ✉ Re: Rauðhólar – skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

|           |  |
|-----------|--|
| Búið til  | 26.5.2020 09:55:31   |
| Höfundur  | Trausti Baldursson   |
| Sent      | 26.5.2020 09:55:30   |
| Tilheyrir | 📁 202005-0006 - Lýsing skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, dags. 30. mars 2020 |

### Efni

|  |
|--|
| Re: Rauðhólar – skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags |
|--|

### Upplýsingar

|              |                                |          |          |
|--------------|--------------------------------|----------|----------|
| Sent         | 26.5.2020 09:55:30             | Staða    | Imported |
| Eigandi      |                                | Tímamörk |          |
| Skjalalykill | 42-11 Umsagnir um friðlýsingar |          |          |
| Lykilorð     |                                |          |          |

### Vinnsla

### Þátttakendur

|     |  |
|-----|--|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | skipulag@reykjavik.is                              |

### Innihald

|  |
|--|
| <p>Tilvísun í málsnr. 2020050006 (TB)</p> <p>Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Rauðhóla.</p> <p>Náttúrufræðistofnun fagnar því að gera eigi deiliskipulag fyrir Rauðhóla. Í því sambandi er mjög mikilvægt að gerð sé jarðfræðiuúttekt á svæðinu og það metið sérstaklega þ.e. innbyrðis verndargildi þeirra jarðminja sem eftir sem og heildarinnar og hvernig best er að vernda svæðið til framtíðar. Í skipulagslýsingu er komið inn á flest það sem skoða þarf við frekari vinnslu skipulagsins. Þar kemur m.a. fram að Rauðhólar eru innan þess sem kallast græni trefillinn. Það er afar mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar að t.d. skógrækt eða plöntun annarra tegunda spilli ekki Rauðhólum bæði beint þ.e. að trjágróður fái ekki að vaxa í jarðminjunum né óbeint með því að skyggja á ásynd Rauðhóla. Þetta þarf að vera skýrt í allri deiliskipulagsvinnu Rauðhóla og nágrennis.</p> <p>Að öðru leit sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera athugasemd við lýsingu á þessu stigi málsins en gerir ráð fyrir að fá deiliskipulagið til umsagnar þegar þar að kemur. Ef óskað er eftir frekari aðstoð eða upplýsingum vegna vinnslu á skipulaginu mun stofnunin reyna að bregðast við því eins og mögulegt er.</p> <p>Virðingarfyllt,</p> <p>Trausti Baldursson<br/>Náttúrufræðistofnun Íslands<br/>Icelandic Institute of Natural History<br/>Urriðaholtsstræti 6-8</p> |
|--|

210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>  
**To:** "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Borgarsögusafn" <borgarsogusafn@reykjavik.is>; "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>; "Kristín Lóa Ólafsdóttir" <kristin.loa.olafsdottir@reykjavik.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "fakur@fakur.is" <fakur@fakur.is>; "Íbúaráð Árbær og Norðlingaholt" <ibuarad.arbaerognordlingaholt@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "helgi@skograekt.is" <helgi@skograekt.is>  
**CC:**  
**Subject:** Rauðhólar – skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags  
**Date:** 5.5.2020 12:14:06

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. apríl 2020 og borgarráðs 30. apríl 2020 var lögð fram lýsing skipulagsfulltrúa að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla, dags. 30. mars 2020. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Helstu viðfangsefni og meginmarkmið fyrir deiliskipulagið koma fram í lýsingunni, en m.a. er lagt til að skilgreina aðalleiðir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda um svæðið o.fl.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 28. maí 2020.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi stofnunum: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Framkvæmdastjórn um Vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins, Vegagerðinni, Hestamannafélagi Fáks, Íbúðaráði Árbæjar og Norðlingaholts, OR/Veitum og Skóræktarfélagi Reykjavíkur.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, [reykjavik.is/skipulag](http://reykjavik.is/skipulag) í kynningu.

Kveðja,  
Puríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík

Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is) (mailto:skipulag@reykjavik.is)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>  
(<http://www.reykjavik.is/trunadur>)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)